

Nd. **403. Breytingartillaga** [177. mál]

við frv. til l. um æðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á sem í 1. málsgrein segir og ríkisstjórnin telur kaupverð óhæfilega hátt, er sveitarstjórn heimilt að leggja árlegan verðhækkunarskatt á umrædd landssvæði, og má skatturinn nema allt að 20% af verðhækkun landsins vegna samfélagsþróunar eða opinberrar mannvirkjagerðar samkvæmt mati dómkvaddra manna. Helmingur verðhækkunarskattsins rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en hinn helmingurinn í landakaupasjóð samkvæmt 1. gr. þessara laga.